

**Félagsmálaráðuneyti**  
**07 101**

**Ársreikningur 2019**

## **Efnisyfirlit**

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

Félagsmálaráðuneyti

kt. 521218-0610

Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík

## **Skýrsla og áritun forstöðumanns**

Félagsmálaráðuneyti er ríkisaðili í A-hluta, helstu verkefni þess varða velferðar- og fjölskyldumál.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnavnið 32 og málaflokk 40 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Þann 01.01.2019 var 08 101 Velferðaráðuneytið skipt í tvö ráðuneyti, 07-101 Félagsmálaráðuneyti og 08-101 Heilbrigðisráðuneyti. Efnahagsreikningur í árslok 2018 skiptist milli ráðuneytanna og myndar sá hluti sem færðist yfir í Félagsmálaráðuneytið stofnefnahag þess 01.01.2019.

Á árinu 2019 var árveltan kr. 735,1 milljónir og afkoma kr. 22,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 22,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 107,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjártöðu Félagsmálaráðuneytis í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Félagsmálaráðuneytis fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Gissur Pétursson

Ráðuneytisstjóri

(Undirritun rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019
<b>Tekjur</b>		
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	721.000.000
Seld þjónusta .....	3	265.200
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	11.895.503
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	<u>1.981.540</u>
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>735.142.243</b>
<b>Gjöld</b>		
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	5	438.935.886
Framlög og tilfærslur .....	6	11.960.000
Annar rekstrarkostnaður .....	7	259.581.395
Afskriftir .....	8	<u>1.981.540</u>
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>712.458.821</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>22.683.422</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>		
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		<u>(61.271)</u>
		(61.271)
	<b>Afkoma ársins</b>	<b><u>22.622.151</u></b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárhheimildaliðum</b>	<b>2</b>	
Rekstur .....		34.182.151
Rekstrartilfærslur .....		<u>(11.560.000)</u>
		22.622.151

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	1.1.2019
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður .....	11.862.293	11.091.215	
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>11.862.293</b>	<b>11.091.215</b>	
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	95.209.252	15.635.513
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	10	145.563	0
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>95.354.815</b>	<b>15.635.513</b>	
<b>Eignir samtals</b>	<b>107.217.108</b>	<b>26.726.728</b>	
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	11	22.622.151	0
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>22.622.151</b>	<b>0</b>	
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	9	326.383	0
Viðskiptaskuldir .....		6.640.494	0
Ýmsar skammtímaskuldir .....	12	66.218.405	15.635.513
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	13	11.409.675	11.091.215
<b>Skuldir samtals</b>	<b>84.594.957</b>	<b>26.726.728</b>	
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>107.217.108</b>	<b>26.726.728</b>	
<b>Aðrar upplýsingar</b>	<b>14</b>		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstremisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins .....		22.622.151
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstremi:		
Afskriftir .....	8	1.981.540
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.981.540)
		<u>22.622.151</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		(145.563)
Tengdir aðilar .....		(79.247.356)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir .....		57.223.386
		<u>(22.169.533)</u>
	<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>452.618</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	8	<u>(2.752.618)</u>
		(2.752.618)
<b>Fjármögnumnarhreyfingar</b>		
Fjárfestingarframlag .....		2.300.000
		<u>2.300.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		
Handbært fé í byrjun árs .....		0
		<u>0</u>
	<b>Handbært fé í árslok</b>	<b>0</b>
		<u><u>0</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstremisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttakins endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður ..... 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

## **Skýringar**

### **Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsahættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### **Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### **Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsejanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsejanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### **Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

## Skýringar

2019

### 2 Tekjufærsla fjarveitinga

Fjarveiting ársins .....	721.000.000
Tekjufærsla fjarveitinga .....	721.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.981.540
	<u>722.981.540</u>

### Yfirlit um fjarveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-	Fjármagns-	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	693.600.000	400.000	0	694.000.000
Millifærslur milli fjárlagaliða .....	27.000.000	0	0	27.000.000
<b>Fjarveiting til tekna .....</b>	<b>720.600.000</b>	<b>400.000</b>	<b>0</b>	<b>721.000.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum .....	(686.417.849)	(11.960.000)	0	(698.377.849)
<b>Staða fjarveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>34.182.151</b>	<b>(11.560.000)</b>	<b>0</b>	<b>22.622.151</b>

2019

### 3 Seld þjónusta

Mötuneyti .....	265.200
	<u>265.200</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild .....	10.000.000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	935.664
Ýmsar tekjur .....	959.839
	<u>11.895.503</u>

### 5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	349.378.480
Orlof, breyting .....	2.730.520
Launatengd gjöld .....	79.489.089
Starfsmannakostnaður .....	7.337.797
	<u>438.935.886</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	30,0

### 6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	11.960.000
	<u>11.960.000</u>

## Skýringar

2019

### 7 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	491.197
Ýmis tæki og áhöld	462.956
Orkugjafar	14.682
Matvæli	741.194
Almennar rekstrarvörur	73.134
Vörukaup, almenn	1.783.163
 Fundir, námskeið, risna	2.282.098
Ferðir, uppihald	14.799.687
Akstur	2.638.228
Sérfræðiþjónusta	15.969.648
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	46.493
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	5.050.055
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.898.274
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	43.684.483
 Samningsbundin kaup og leiga	3.023.687
Afnotagjöld	8.061.640
Leigugjöld	73.570
Notkun véla og flutningatækja	576.500
Verkkaup	4.055.844
Kostnaðarhlutdeild í sameiginlegri þjónustu	195.977.944
Áhættutap og bætur	2.300.000
Opinber gjöld	44.564
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	214.113.749
 Annar rekstrarkostnaður samtals	259.581.395

### 8 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	1.1.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður		

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2019	16.430.995
Viðbætur á árinu	2.752.618
	19.183.613
 Afskriftir 1.1.2019	5.339.780
Afskrift ársins	1.981.540
	7.321.320
 Staða 31.12.2019	11.862.293

## Skýringar

31.12.2019

1.1.2019

### 9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	94.273.588	15.635.513
	95.209.252	15.635.513

Skuldri við tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	0
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	326.383	
	326.383	0

### 10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður .....	145.563	0
	145.563	0

### 11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1. ....	0	0
Afkoma ársins .....	22.622.151	0
Jöfnuður 31.12. ....	22.622.151	0

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirlæsingar eiginfjára yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

### 12 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof .....	48.551.469	15.635.513
Ógreidd laun .....	1.971.961	0
Önnur ógreidd gjöld .....	15.694.975	0
	66.218.405	15.635.513

## Skýringar

### 13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	1.1.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	11.862.293	11.091.215
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(452.618)	0
	<u>11.409.675</u>	<u>11.091.215</u>
	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 - Flutt af 08-101 .....	11.091.215	11.091.215
Fjárfestingsarfjárveiting ársins .....	0	2.300.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	2.752.618	(2.752.618)
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(1.981.540)	0
	<u>11.862.293</u>	<u>(452.618)</u>
	<u>11.409.675</u>	<u>11.091.215</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 2,2 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

### 14 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur ekki gert skuldbindandi samning vegna húsaleigu en greiðir til ráðuneytis 08-101 húsaleigu.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.